

Alþingi

Erindi nr. P 112 / 1019

komudagur 30 / 04 1990

DÝRALÆKNIR FISKSJÚKDÓMA
Tilraunastöðinni að Keldum
Reykjavík.

Reykjavík, 28-04-90.

Til landbúnaðarnefndar Neðri deildar Alþingis,
Reykjavík.

Embættinu hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um innflutning dýra.

Að mati undirritaðs nær frumvarpið ekki tilgangi sinum til varnar því að sjúkdómar í fiskum berist til landsins nema að lögin taki til allra fiska, bæði ferskvatnsfiska og sjávarfiska.

I dag eru engin lög sem taka til innflutnings á sjávarfiskum en þeir geta hæglega borið sjúkdóma sem smitað geta ferskvatnsfiska. Því er nauðsynlegt að ákvæði i þessum lögum gildi bæði um innflutning á sjávarfiskum sem og fiskum sem lifa að hluta eða öllu leiti í fersku vatni.

Virðingarfyllst,

Arni M. Mathiesen
Arni M. Mathiesen
dýralæknir fisksjúkdóma

Afrit til yfirdýralæknis